

Jafnréttisáætlun Fljótsdalshrepps

Jafnræðisregla stjórnarskrárinnar kveður á um að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu. Sérstaklega er kveðið á um jafnan rétt kvenna og karla.

Jafnræðisregla stjórnarskrárinnar er grundvöllur jafnréttisáætlunar Fljótsdalshrepps. Sveitarstjórn fer með málefni jafnréttisnefndar.

1. Inngangur.

Jafnréttisáætlun Fljótsdalshrepps byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Jafnréttisáætlunin tekur til stjórnkerfis og starfsmanna sveitarfélagsins annars vegar og hins vegar til þeirrar starfsemi og þjónustu sem sveitarfélagið veitir íbúunum.

2. Markmið

Markmið jafnréttisáætlunar er að stuðla að jafnri stöðu kvenna og karla í Fljótsdalshreppi og jöfnun möguleika til að nýta sér það lagalega jafnrétti sem er til staðar. Þetta á við um menntun, atvinnulíf og félagslíf. Það er stefna Fljótsdalshrepps að kynin njóti sömu tækifæra, fái sömu laun fyrir sömu vinnu og hafi sömu réttindi og sömu möguleika til áhrifa í samfélaginu.

3. Ákvæði vegna starfsmanna sveitarfélagsins.

- **Nefndir og ráð**

Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum Fljótsdalshrepps skal gæta þess að hlutföll kynja séu sem jöfnust, til að tryggja sjónarmið og áhrif bæði karla og kvenna, við ákvarðanatöku og stefnumótun í samfélaginu.

- **Ráðningar starfsmanna.**

Jafnréttissjónarmið skulu höfð í huga þegar ráðið er í stöður í sveitarfélaginu. Við ráðningar er óheimilt að mismuna kynjum s.s. á grundvelli fjölskyldustöðu eða annarra þátta.

- **Starfsmannakjör.**

Við ákvörðun launa og annarra starfskjara, úthlutun verkefna, tilfærslur í störfum og uppsagnir skal þess gætt að mismuna ekki eftir kynferði sbr. 19. gr. laga nr. 10/2008. Gæta skal þess að konur og karlar njóti sambærilegra kjara og starfsaðstæðna með vísan í 23.gr. laga nr. 10/2008.

Aðgerðaráætlun:

Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum Fljótsdalshrepps skal gæta þess að hlutfall kynja sé sem jafnast.

Við auglýsingar starfa og ráðninga skal hafa jafnréttissjónarmið í huga.

Við ákvörðun launa og annarra starfskjara skal þess gætt að mismuna ekki eftir kynferði og leitast við að meta jafnt mismunandi starfssvið, reynslu og menntun kvenna og karla.

Gera skal könnun á ofangreindum þáttum á hverju kjörtímabili.

Framkvæmd . Oddviti / framkvæmdastjóri Fljótsdalshrepps

Ábyrgð . Sveitarstjórn

Tímarammi: Fyrsta könnun fyrir 1.1. 2018

4. Fjölskyldu, íprótta- og æskulýðsmál.

Eftir því sem kostur er skal starfsfólki sveitarfélagsins gert kleift að samræma starfsskyldur sínar, skyldum gagnvart fjölskyldu. Mikilvægt er að bæði konur og karlar nýti sér rétt sinn til foreldra og fæðingarorlofs og skipti með sér umönnun veikra barna. Stúlkum og drengjum skulu veitt sömu tækifæri til ípróttaíðkana og njóta sömu fjárveitinga á vegum sveitarfélagsins til íprótta-og tómsundiðkana. Þá skal þess gætt að drengir og stúlkur hafi sömu möguleika til sumarstarfa á vegum sveitarfélagsins.

Aðgerðaráætlun:

Eftir því sem kostur er skal hafa fundi á tímum er henta fjölskyldufólki og takmarka fundahöld á kvöldin og um helgar. Gera skal starfsfólki sveitarfélagsins kleift að sinna sínum skyldum gagnvart fjölskyldu. Til starfa og þjónustu á vegum sveitarfélagsins skulu kynin eiga jafnan rétt .

Gera skal könnun á ofangreindum þáttum á hverju kjörtímabili.

Framkvæmd . Oddviti / framkvæmdastjóri Fljótsdalshrepps

Ábyrgð . Sveitarstjórn

Tímarammi: Fyrsta könnun fyrir 1.1. 2018

5. Kynning og endurskoðun

Jafnréttisáætlun þessi skal kynnt íbúum sveitarfélagsins, stofnunum og starfsmönnum.

Áætlunina skal endurskoða á hverju kjörtímabili.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps 01.03 2016